

Sp.

91. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um framkvæmd á ályktun síðasta Alþingis um innflutning jeppabifreiða eða hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að framkvæmd verði ályktun síðasta Alþingis um innflutning 750 jeppabifreiða eða annarra hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa ásamt nægilegu magni varahluta.

Greinargerð.

Sem kunnugt er var á síðasta þingi flutt tillaga til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á því ári, sem nú er að líða, yrðu fluttar inn ekki færri en 600 jeppabifreiðar, sem eingöngu yrðu seldar bændum, enda settar strangar reglur um úthlutun, er tryggðu, að þær héldust í sveitum landsins í eigu þeirra, er landbúnað stunda.

Að flutningi þessarar tillögu stóð nærri því hálfur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins, enda beinlínis upplýst, að tillagan væri flutt samkvæmt samþykkt landsfundar flokksins frá næsta sumri á undan.

Undirtektir þingsins undir málið voru, vægast sagt, með ágætum. Umræður urðu miklar þegar við fyrri hluta umræðu, og mæltu ræðumenn mjög fast með samþykkt þess. Síðan var tillögunni vísað til allsherjarnefndar, sem afgreiddi málið þannig að hækka töluna úr 600 upp í 750. Segir í nefndarálitinu, sem undirritað er af sex nefndarmönnum af sjö, að sú hækking sé gerð samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands. Kom og m. a. greinilega fram, að Framsóknarflokkurinn, sem mikil völd hefur í þeirri stofnun, var þess fremur fýsandi, að við væri bætt, en dregið úr, þótt Sjálfstæðisflokkurinn yrði fyrri til að flytja málið inn í þingið. Einnig bætti nefndin við ákvæði um innflutning varahluta, samkv. tillögu frá þremur þingmönnum Sósíalístaflokksins. Þannig breytt var tillagan samþykkt af yfirgnæfandi meiri hluta þingmanna og mótatkvæðalaust.

Þó sýndi Alþingi enn fremur, hve mikil alvara því var í þessu máli. Til þess að tryggja það ákvæði tillögunnar, að strangar reglur yrði settar til tryggingar því, að bifreiðar þessar héldust í sveitum landsins, voru samþykkt sérstök lög um úthlutun þeirra. Frumvarp til þeirra laga var flutt af sex þingmönnum úr öllum flokkum þingsins, enda gekk meðferð þess mjög greiðlega í báðum deildum.

Þá má enn fremur á það minna, að flokkar þeir, er fjölmennastir eru að þingmannatölu, hafa öll völd í nefndum þeim og ráðum, er innflutningsmálunum stjórna. Það var því ekki nema eðlilegt, að margir bændur gerðu sér vonir um að fá greitt úr þörf sinni fyrir þessi heppilegu tæki, þegar fréttist um svo ákveðnar samþykktir Alþingis.

Þrátt fyrir allan þennan viðbúnað hefur sú sorglega saga gerzt, að enginn jeppi hefur verið fluttur inn til landsins á árinu. Er nú komið að áramótum og því sýnt, að ekki verður úr bætt á þessu ári. Hafa það orðið mjög mikil vonbrigði fyrir þá bændur, er nauðsynlega þurfa á þessum tækjum að halda og þjuggust við, að úr yrði bætt.

Nú mun fjárhagsráð starfa að undirbúningi innflutningsáætlunar fyrir næsta ár, og er því full ástæða til, að Alþingi feli nú hinni nýju ríkisstjórn að hlutast til um, að úr þessu verði bætt svo sem föng eru á. Er þá tæplega hægt að ætlast til minna en að sá innflutningur, sem Alþingi hafði samþykkt á yfirstandandi ári, fari nú fram á næsta ári, sérstaklega þegar þess er gætt, að við meðferð málsins á síðasta þingi var það fyllilega gefið í skyn, að hér væri aðeins um byrjun að ræða, og þyrfti að halda áfram á sömu braut, þar til þörfum landbúnaðarins fyrir þessi tæki væri fullnægt, er verða mundi á þrem til fjórum árum. Enn fremur má geta þess, að sá flokkur, sem upphaflega flutti þetta mál inn í þingið — Sjálfstæðisflokkurinn —, fer nú með völd í landinu, þótt minnihlutastjórn sé, en hins vegar naut málið á síðasta þingi svo eindregins fylgis þingmanna úr öðrum flokkum, að nægur stuðningur ætti að vera tryggður nú, þegar aðeins er farið fram á að bæta úr þeirri vanrækslu, sem hér hefur átt sér stað.